

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Æfingin skapar meistarann

Nafn styrkþega: Kópavogsdeild Rauða krossinn á Íslandi

Útdráttur: Verkefnið hefur verið virkt síðan vorið 2017 og árið 2019 sótti Kópavogsdeild Rauða krossins á Íslandi um frekari styrk til þess að halda starfseminni áfram og vegna aukinnar aðsóknar í verkefnið. Tilgangur verkefnisins er að gefa innflytjendum á Íslandi tækifæri til að æfa sig að tala íslensku eftir að þeir hafa lært grunnatriði í málinu. Fomleg kennsla fer ekki fram í tímum, heldur er um leiðbeinandi æfingar að ræða. Rauði krossinn í samstarfi við Mími býður alla velkomna sem vilja þjálfa sig í íslensku. Sjálfboðaliðar og innflytendur hittast einu sinni í viku og tala saman á íslensku. Í hverjum tíma er ákveðið umfjöllunarefni tekið fyrir sem hægt er að nýta sér út í samfélaginu. Hópnum er skipt upp eftir getustigi og reglulega er hefðbundið form brotið upp og spilað, horft á íslenskar kvikmyndir, farið á kaffihús, borðað saman og fleira skemmtilegt sem eykur þekkingu á tungumáli og samfélagi. Markmiðið er að þjálfa talmál og auka orðaforða fólks sem hefur hagnýtt gildi í daglegu lífi. Æfingin skapar meistarann er líka góður vettvangur til þess að kynnast nýju fólki og mynda ný vináttubönd.

Verkefnið hefur á þessum árum vaxið og dafnað og notendahópurinn verður æ fjölbreyttari og umfangsmeiri með hverju ári. Aukin þátttaka í starfinu sýnir að mikil þörf er á að bjóða uppá samverur þar sem innflytjendur fá tækifæri til þess að æfa talmál, þeim að kostnaðarlausu og á hentugum tíma, eins og um helgar líkt og í þessu starfi. Félagslegt gildi er einnig veigamikilið þar sem innflytjendur mynda félagsleg tengsl og kynnast ekki eingöngu fólki af erlendum uppruna heldur líka Íslendingum. Í þessu verkefni hefur verið lögð áhersla á að skapa verkefni í samráði við notendur og mikilvægt að sýn þeirra sé tekin með í reikninginn þegar kemur að framkvæmd og uppsetningu verkefnisins.

Name of the project: Practice makes perfect

Name of grantee: Kópavogur branch of Icelandic Red Cross

Project description: The project has been active since the spring of 2017 and in 2019 the Kópavogur branch of the Icelandic Red Cross applied for further funding to continue the project and due to increased attendance. The purpose of the project is to give immigrants in Iceland the opportunity to practice speaking Icelandic after they have learned the basics of the language. Formal teaching does not take place in classes instead tutorial and guidance. The Red Cross in collaboration with Mímir welcomes everyone who wants to practice Icelandic and meet people.

Volunteers and immigrants meet once a week and speak together in Icelandic. In each meeting there is a certain topic focus, something considered useful in society. The group is divided, beginners, middle and advanced. Occasionally play cards, watch Icelandic movies, go to cafe, eat together and other fun things that can increase knowledge of both language and society. The goal is to practice speaking and increase vocabulary that can be used in everyday life. Practice makes perfect is also a nice way to meet new people and make friends.

During these years, the project has grown, participation and diversity has increased each year. Increased participation every year shows the importance of such a project. A place where immigrants can practice speaking Icelandic, participation is complimentary and on a convenient time, for example on weekends like this project offers. Furthermore, the social value is also important, immigrants can build social connections, not only with other immigrants but also with Icelanders. In this project, emphasis has been on developing a project in collaboration with the users and conclude their viewpoint in the process.